

## Bókun vegna Róta bs.

### Tillagan

"Samkvæmt 4.gr laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59 frá 1992 þarf hvert þjónustusvæði að ná að lágmarki 8.000 íbúum en hægt er að fá undanþágu frá þessu á grundvelli landfræðilegra aðstæðna. Mikið óhagræði fylgir slíkum vegalengdum sem um ræðir á þjónustusvæði Róta bs sem telur ríflega 11.000 íbúa. Bæjarstjórn samþykkir tillögu þess efnis að veita formanni bæjarráðs og stjórnarmanni í Rótum bs. heimild til að senda inn beiðni um undanþágu til ráðherra skv. ákvæðum 4.gr. laga nr. 59 frá 1992."

### Meðfylgjandi greinargerð

Fjallabyggð hefur verið aðili að byggðasamlaginu Rótum bs. frá stofnun þess í janúar 2014. Að byggðasamlaginu koma níu sveitarfélög; Akrahreppur, Blönduósþétt, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Húnavatnshreppur, Húnaþing vestra, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Sveitarfélagið Skagaströnd og telur svæðið ríflega 11.000 íbúa. Tilgangur byggðasamlagsins er að fara með málefni fatlaðs fólks á vestanverðu Norðurlandi.

Mikill halli var á rekstri byggðasamlagsins árið 2014 og útlit er fyrir að hallinn verði enn meiri árið 2015. Þannig er gert ráð fyrir að hallinn árið 2014 verði líklega á bilinu 60-80 milljónir og í ár stefnir hallinn í yfir 100 milljónir og verður honum velt yfir á sveitarfélögin. Af þessu hafa bæjarfulltrúar Fjallabyggðar haft þungar áhyggjur og nauðsynlegt er að bregðast við. Ljóst er að það rekstrarmódel sem Rætur bs. búa við virkar ekki eins og það þarf að gera. Margar ástæður mætti telja til, s.s. miklar vegalengdir á starfssvæði Róta bs., sem Jöfnunarsjóður virðist ekkert tillit taka til, og lítil samlegðaráhrif í þjónustu við fatlaða á milli byggðarlaga. Sú staða sem uppi er í byggðasamlaginu er með öllu óviðunandi fyrir aðildarsveitarfélögin.

Síðustu misserin hefur sveitarstjórnarfólk og starfsfólk félagsþjónustunnar í Fjallabyggð og Dalvíkurbyggð rætt og kannað grundvöll fyrir samstarfi þessara tveggja sveitarfélaga í málefnum fatlaðs fólks. Í sveitarfélögunum tveimur er boðið upp á nauðsynlega grunnþjónustu, líkt og búsetuúrræði, dagvist og skammtíamavistun sem unnt er að samnýta. Stefnt er að því að kostnaður við yfirstjórn málaflokksins verði sem minnstur og að þjónustan verði samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna. Félagþjónustan og félagsmálanefndir Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar yrðu þannig grunneiningar í rekstri og framkvæmd verkefnisins.

Samkvæmt 4.gr laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59 frá 1992 þarf hvert þjónustusvæði að ná að lágmarki 8.000 íbúum en hægt er að fá undanþágu frá þessu á grundvelli landfræðilegra aðstæðna. Sótt verður um undanþágu með Dalvíkurbyggð sem framtíðarsamstarfsaðila í málefnum fatlaðs fólks. Ef að undanþágan verður veitt þarf bæjarstjórn Fjallabyggðar að staðfesta úrsögn úr Rótum bs. og þarf sú úrsögn að gerast með sex mánaða fyrirvara og miðast við áramót samkvæmt samþykktum Róta bs.